

Nd.

249. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast, í samráði við stjórn Búnaðarfjelags Íslands, að gera þær bráðabirgðabreytingar á skipulagi bændaskólans á Hólum, sem hjer verða taldar:

- a. að auka svo að miklu nemi kröfurnar til verklegs náms nemendanna við jarðrækt, búfjárhirðing og önnur landbúnaðarstörf.

- b.* að reka skólabúið fyrir opinberan reikning, ef hentara þykir.
- c.* að láta verða þær breytingar á kennaraliði skólans og reglugerð hans, sem nauðsynlegar eru.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1928.